# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 18

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bref. 13/3 '09
Br. 5

# Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur
13. marz '09

Ár 1909, laugardaginn 13. marz, kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar fram svo sem hjer segir:

1. Magnúsi Vigfússyni verkstjóra leyft að byggja geymsluhús 6° x 8° og mógeymsluskúr 5° x 6° yfir áburðargryfju í viðbót við það er hann áður hefir byggt á erfðafestulandi sínu.—
2. Guðjóni Jónssyni, Norðurstíg 3, leyft að gera þær breytingar frá uppdrætti fyrirhugaðs húss hans (samþ. 19/10-07), þegar hann byggir húsið, að taka af bakdyr á gafli, setja glugga í þeirra stað, fella burt stiga við þær dyr og setja hann ásamt bakdyrum í skúrinn við húsið, og stækka þá skúrinn um ca. 30" fram með húshliðinni.—
3. Sigurður Jónsson fyrv. fangavörður sækir um eins árs framlengingu á byggingarleyfi sínu á Neðraholtsbletti við Skólavörðustíg. Byggingarleyfi þetta hefir Sigurður fengið 15. December 1906, en afsalað sjer sjálfur brjeflega húsmælingu 4. júní 1907 (sjá 15/12-'06, nr. 9). Byggingarnefnd lítur því svo á, að leyfi þetta sje burt fallið, og verði Sigurðar því að sækja um nýtt byggingarleyfi.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4 Jón Jónsson, Hverfisg. 18 B sækir leyfis til að byggja lopthæð ofan á hús sitt (Hverfisg. 18 B), þar verði að eins 2 herbergi og vill hann þá og fá að láta einn stiga nægja. – Byggingarnefnd virðist svo margt athugavert við húsaskipun á þessari lóð og þar umhverfis, að hún telur nauðsynlega rannsókn á því og synjar að svo komnu um samþykki sitt til þessarar byggingar. –

5. Hlutafjelaginu „Bakkabúð" synjað um byggingarleyfi þangað til greinilegur uppdráttur af lóð þeirra fylgir húsuppdráttunum. –

6. Sveini Sveinssyni trjesm., Bankastræti, leyfðar breytingar á vesturenda húss hans til að gera þar íbúð, með þeim skilyrðum, að stigi verði löglegur, eldavjel nógu fjarri trje og húsið að öðru leyti samkv. fyrirmælum byggingarsamþ. um íbúðarhús. –

7. Jóhannesi Lárussyni neitað um leyfi til að breyta verkstæðishúsi hans á Skólavörðustíg 40. í íbúðarhús og byggingarfulltrúa falið að rannsaka bygginguna og meðferð á þeirri lóð.

8. Þorvarði Þorvarðarsyni leyfðar ýmsar breytingar á dyrum, gluggum og gólfum í húsi hans Aðalstræti 8.

9. Jóni Þórarinssyni umsjónarmanni fræðslu leyfir byggingarnefnd fyrir sitt leyti – ef bæjarmálanefnd samþykkir – að gera timburskúr fyrir gasstöð, troðinn [illegible] í grind á lóð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tann við Laufásveg, rúmar 5 m frá húsinu og 5 m frá lóðarmörkum. –

10. Helga Jósefssyni synjað um leyfi til að nota hús hans Laugaveg 24B áfram til íbúðar. – Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið
Páll Einarsson

Sveinn Jónsson K. Zimsen Jón Jensson
Sig. Thoroddsen Ragnar Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur 13. marz '09

Ár 1909, laugardaginn 13. marz, kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar fram svo sem hjer segir:

1. Magnúsi Vigfússyni verkstjóra leyft að byggja geymsluhús 6°x 8° og mógeymsluskúr 5°x 6° yfir áburðargryfju í viðbót við það er hann áður hefir byggt á erfðafestulandi sínu.–
2. Guðjóni Jónssyni, Norðurstig 3, leyft að gera þær breytingar frá uppdrætti fyrirhugaðs húss hans (samþ. 19/10-07), þegar hann byggir húsið, að taka af bakdyr á gafli, setja glugga í þeirra stað, fella burt stiga við þær dyr og setja hann ásamt bakdyrunum í skúrinn við húsið, og stækka þá skúrinn um ca. 30" fram með húshliðinni.–
3. Sigurður Jónsson fyrv. fangavörður sækir um eins árs framlenginguna á byggingarleyfi sínu á Neðraholtsbletti við Skólavörðustig. Byggingarleyfi þetta hefir Sigurður fengið 15. December 1906, en afsalað sjer sjálfur brjeflega húsmælingu 4. júní 1907 (sjá 15/12-'06, nr. 9). Byggingarnefnd lítur því svo á, að leyfi þetta sje burt fallið, og verði Sigurðar því að sækja um nýtt byggingarleyfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4 Jón Jónsson, Hverfisg. 18 B æskir leyfis til að byggja loftherb. ofan á hús sitt (Hverfisg. 18 B), þar verði að eins 2 herbergi og vill hann þá og fá að láta einn stiga nægja. — Byggingarnefnd virtist svo margt athugavert við húsaskipun á þessari lóð og þar umhverfis, að hún telur nauðsynlega rannsókn á því og synjar að svo komnu um samþykki sitt til þessarar byggingar. —

5. Hlutafjelaginu „Bakkabúð" synjað um byggingarleyfi þangað til greinilegur uppdráttur af lóð þeirra fylgir húsuppdráttunum. —

6. Sveini Sveinssyni trjesm., Bankastræti, leyfðar breytingar á vesturenda húss hans til að gera þar íbúð, með þeim skilyrðum, að stigi verði löglegur, eldavjel nógu fjarri trje og húsið að öðru leyti samkv. fyrirmælum byggingarsamþ. um íbúðarhús. —

7. Jóhannesi Lárussyni neitað um leyfi til að breyta verkstæðishúsi hans á Skólavörðustíg 40 C. í íbúðarhús og byggingarfulltrúa falið að rannsaka bygginguna og meðferð á þeirri lóð

8. Þorvarði Þorvarðarsyni leyfðar ýmsar breytingar á dyrum, gluggum og gólfum í húsi hans Aðalstræti 8.

9. Jóni Þórarinssyni umsjónarmanni fræðslu leyfir byggingarnefnd fyrir sitt leyti — ef bæjarmálanefnd samþykkir — að gera túnbletti fyrir gasstöð, troðinni sporum í grend við lóð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans við Laugaveg, minnst 5 m frá húsinu og 5 m frá lóðarmörkum.-

10. Helga Jósefssyni synjað um leyfi til að nota hús hans Laugaveg 24 B áfram til íbúðar.-

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sveinn Jónsson  K. Zimsen  Jón Jensson

Sig. Thoroddsen  Rögnv. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með óska eg undirritaður eftir, að eg fái leyfi hinnar heiðruðu bygginganefndar Reykjavíkur, til þess að byggja lofthæð ofan á hús mitt við Hverfisgötu 18B, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Ennfremur vil eg leyfa mér að fara þess á leit, að mér verði veitt undanþága frá því að hafa 2. stiga upp á loftið, og vona eg að hin heiðraða bygginganefnd finni það sanngjarnt þar sem engin íbúð verður á loftinu öðruvísi en fyrir einhleypt fólk, og þar að auki ekki nema 2. herbergi.

Reykjavík 12 Mars 1909

Virðingarfyllst

[illegible]

B. Rvk 119/1909 By 5

Til

Bygginganefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Umsjónarmaður fræðslumálanna.

Reykjavík 12 Marts 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer að beiðast leyfis til að láta byggja skúr 3×2 al. að stærð og 3 til 3½ al. á hæð á lóð minni við Laufásveg samkvæmt teikning, sem mun hafa verið afhent bæjarstjórninni (eða brunamálanefndinni), og er skúr þessi ætlaður til að geyma gasstöð í, sem jeg hef sótt um leyfi til að nota við íbúðarhús mitt. Skúrinn verður yfir 5 álnir frá íbúðarhúsinu og 5 al. frá lóðarmörkunum, byggður úr timbri og stoppaður með spónum í binding.

Virðingarf.

Jón Þórarinsson

Til

formanns byggingarnefndarinnar.

B. Rvk. 120/1909 By. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Umsjónarmaður fræðslumálanna.

Reykjavík 27. febr. 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfylst að sækja um leyfi bæjarstjórnar Reykjavíkur-kaupstaðar til þess að mega setja upp við hús mitt, sem verið er að byggja við Laufásveg, acetylen-gasstöð og lýsa húsið acetylen-ljósum, með þeim skilyrðum og undir því eftirliti, sem bæjarstjórnin kynni að áskilja.

Virðingarfylst

Jón Þórarinsson.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

B. Rvk. 120/1909 By. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhannes Lárusson
Laugaveg 46.
Reykjavík. 12 martz 1909

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að óska eptir samþykki hinnar heiðruðu byggingarnefndar Reykjavíkur á því, að jeg megi breyta í íbúðarhús samkv. meðfylgjandi uppdrætti verkstæðisbyggingu þeirri er jeg á við Skólavörðustíg 4 C. sem er að viðum öllum upphaflega byggð sem íbúðarhús, en hefur ekki verið sundurdeilt fyr en nú.

Með virðingu
Jóhannes Lárusson

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 12i/1909 By. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að óska eftir samþykki hinnar heiðruðu byggingarnefndar Reykjavíkur, til þess að mega byggja lofthæð ofan á hús mitt við Hverfisgötu 13 hjer í bænum, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.
Þess skal getið, að ætlast er til að verði aðeins 2. íbúðarkerbergi í hinni fyrirhuguðu lofthæð.
Skúrinn sem stiginn kemur í, skal hækka jafnt yfirbyggingunni.

Reykjavík 6 marz 1909.

Virðingarfylst
[signature]

Til
Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rok. 123
B. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt uppdrætti samþykktum af byggingarnefndinni 19. okt. 1907 eru forstofu dyr á gafli hússins, er jeg vildi mælast til við hina heiðruðu byggingarnefnd að jeg mætti taka af við byggingu hússins en hafa inngang á það úr skúrnum, enn að gluggi komi í stað dyranna. Líka vildi jeg fá tvo stiga upp á efri hæðina, úr skúrnum þó hann yrði að lengjast lítið eitt til þess.

Þessar breytingar vildi jeg að hin heiðr. nefnd vildi leyfa mjer, og gefa mjer hið fyrsta álit sitt þar um. —

Norðurstíg 3. 8. janúar 1909

Guðjón Jónsson

Til

Byggingarnefndarinnar

í Reykjavík. —

B. R. 123
1909 B.J. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með bið jeg undirritaður hina háttvirtu Bigginganemd Reykjavíkur um leifi að biggja geimsluhús 6 × 8 ál. og mógeimsluskúr yfir áburðar-grifju 5 × 6 ál. í viðbót við það er jeg áður hefi bigt á erðafestulandi því sem jeg keypti af Ekkjuni Sigríði Magnúsdóttir árið 1906.

Afstaða biggingarinnar (vegghæð og fl.) sjest á meðfilgjandi blaði.

Kirkjuból 12/3. 09

C. M. Sigfússon

B. Rvk. $\frac{124}{1909}$ By. 5

Til Bigginganemdarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugaveg 24 B í Reykjavik 12 Marz 1909

B. Rvk. 125/1909 By. 5

Háttvirta Byggingarnemd Reykjavikur!

Á fundi Bæjarstjórnarinnar 15 Okt. 1908.
var mjer leyft að hafa búð í útbyggingu við Hús mitt
til norðta Vors, En hvað get jeg nú gjört til þess, að mega
hafa íbúðina áfram? Jeg fer fram á það, að gjöra skrif=
=legann samning, og skuldbinda mig til þess, að leggja
niður íbúðina, ef nágranni minn byggir, nálægt mörk=
=um, en á meðan ekki er bygt nær en þettað, bið
jeg þá Háttvirtu byggingarnemd að leyfa mjer íbúð=
ina áfram, geti jeg ekki fengið þetta sem jeg óska
eptir, þá að öðrum kosti (heldur en að missa íbúðina)
vil jeg gera Brandvegg í mörkum, jafnháann Húsinu
Jeg treisti hinni Háttvirtu Byggingarnemd að laga þetta
á þann hátt að jeg verði ekki fyrir stórtapi á Eign minni

Virðingarfyllst Helgi Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Byggingarnefndarinnar í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 13/3 1909.

Hér með leyfi eg undirritaður mér að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd bæjarins, að hún vilji leyfa mér að skifta um dyr og glugga og hleypa niður gólfi í húseign minni í Aðalstræti 8 hér í bænum, sem eg hefi í hyggju að innrétta búð í, nú innan skamms.

Virðingarfyllst

Þorvarður Þorvarðsson

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 126 / 1909 13/3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leifi eg mér að fara þess á leit, að hin háttvirta biggingarnefnd Reykjavíkur leifi mér, að breita vestur endanum á húsi mínu, bankastræti 14 til að gjöra han að íbúðar herbergjum, áður hefur þar verið fjósminda stofa.
Hin umbeðna breiting er í því fólgin, að setja skilrúm á efsta-lofti og þrjá glugga á suðurhliðina, taka í burtu gler þakið sem er þar nú, og setja þak einsog er á hinum hluta hússins og hækka eldvarnar gaflin, sem nú er, og ef þurfa þikir að hækka þrjá glugga á norður hliðinni. Á neðra lofti að færa til skilrúm sem nú eru, setja þar eldavél og stiga úr forstofu uppá efra loftið, og breita þar tveimur gluggunum á norður hlið sem nú eru, því þeir eru of stórir fyrir íbúðar herbergi.

Þessari beiðni leet eg filgja uppdrátt af hinni fyrirhuguðu breitingu.

Reykjavík 11 Marts 1909.

Sveinn Sveinsson

Til hinnar háttvirtu biggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. $\frac{127}{1909}$ By. 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð jeg undirritaður ekki sje mjer fært, að svo stöddu, að byggja á lóð minni, "Neðra-Holtsbletti", við Skólavörðustig, leyfi jeg mjer að fara þess á leit ,að hinni háttvirtu byggingarnefnd Reykjavikur mætti þóknast að veita mjer framlengingu á leyfinu um eitt ár.

Reykjavik 11. Marz 1909

Virðingarfyllst

Sigurður Jónsson

Til

byggingarnefndar Reykjavikur.

B. Rvk $\frac{128}{1909}$ Bj 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur